



Til: skipulag@reykjavik.is

Efni: Fw: Austurheiðar, útivistarsvæði

Upplýsingar:

Sent: 17.04.2018 09:40:07 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030039, Bréfalyklar: 40 Stjórn almennt

Tilvísun í mál: 2018030039

Vísað er til bréfs frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, dags. 13. mars sl., þar sem athygli Náttúrufræðistofnunar Íslands er vakin á skipulagslýsingu vegna deiliskipulags vegna Austurheiðar, útivistarsvæði. Beðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir skipulagslýsinguna m.t.t. hlutverks stofnunarinnar og telur hana þarft verkefni og telur jafnframt að í lýsingunni sé gert grein fyrir því að við vinnslu deiliskipulagsins verði tekið tillit þess að vernda náttúru svæðisins. Þetta kemur m.a. fram á bls. 3 þar sem segir: „Kortleggja þyrfti helstu náttúruminjar, svo sem jarðminjar og vistgerðir og meta verndargildi þeirra og skilgreina verndarskilmála eftir þörfum. Grunnforsenda sem hefur áhrif á legu stíga og annarra innviða, skógræktarsvæði og verndarsvæði þar sem þarf t.d. að verjast ágangi lúpínu. • Meta verndarstöðu og afmörkun hverfisverndaða svæða.“ Einnig kemur þetta fram í 6. kafla um meginmarkmið þar sem segir: „Skilgreina og festa í sessi náttúruverndarsvæði og varðveislu náttúruminja utan verndarsvæða.“

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Mikilvægt er að skoða áhrif væntanlegs skipulags m.t.t. allra framangreindra lagagreina eftir því sem þær eiga við.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðahóltsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Austurheiðar, útivistarsvæði

Málsnúmer: 2018030039
Númer skjals:
Skráð: 16. mars 2018
Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:
Dagsetning skjals:
Staðsetning skjals:
Fyrirtæki: Reykjavíkurborg - Umhverfis- og
skipulagssvið
Nafn: Anna María Andreassen

Vinnsla

Staða: Í vinnslu
Geymslustaður skjals:

Austurheiðar, útivistarsvæði

Gögn áttu að vera aðgengileg hér en voru ókomin inn 16. mars:

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu>

Viðhengi:



- 20180316135606914.tif